

Fimmtudaginn 2. desember 1993.

Nr. 418/1991. **Helgi B. Helgason**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

Jóni Rafni Högnasyni

(Ingólfur Hjartarson hrl.).

Skuldamál. Sameignarfélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. september sama ár. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. og 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júní 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í samningi málsaðila frá 1. júní 1989 er ekki talin meðal skulda fjárhæð sú, sem áfrýjandi krefur stefnda um í máli þessu, en til þess var sérstök ástæða, eins og á stóð, úr því að áfrýjandi taldi, að um lán væri að ræða, en ekki óafturkræft framlag. Að því athuguðu, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, verður hann staðfestur.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Helgi B. Helgason, greiði stefnda, Jóni Rafni Högnasyni, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m. að undangengnum munnlegum málflutningi sama dag, hefur Ólafur Sigurgeirsson hdl. höfðað með stefnu,

út gefinni í Reykjavík 11. apríl 1990, f. h. Helga B. Helgasonar, kt. 120560-5309, Rimasiðu 29 A, Akureyri, á hendur Jóni Rafni Högnasyni, kt. 071153-2589, Skálagerði 3, Akureyri.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 500.000 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 og í samræmi við ákvæði Seðlabanka Íslands frá 6. 10. 1988 til greiðsludags. Vaxtavextir reiknist í fyrsta sinn 6. 10. 1989 og síðan árlega. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við tildæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxtanna, allt þetta að viðbættum virðisaukaskatti á málflytningisþóknun.

Stefndi gerir þá aðalkröfu, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda. Varakrafa stefnda er sú, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda [...].

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að hann og stefndi hafi rekið saman sameignarfélag, sem Biti sf. nefndist. Með samningi, dagsettum 1. júní 1990, hafi stefnandi gengið út úr félaginu, og eftir það hafi stefndi rekið það einn, þar til hann lagði það niður og stofnaði um sama rekstur hlutafélagið Biti hf. Skortur á rekstrarfé háði félaginu um tíma, og til að ráða bót á því gerðu þeir sameigendur með sér það samkomulag, að þeir, hvor um sig, lánuðu fyrirtækinu 500.000 kr. Hafi stefnandi staðið við þessar samningsskyldur sínar 6. október 1988 og lagt inn á reikning Biti sf. sem lán umsamda fjárhæð. Stefndi hafi hins vegar ekki staðið við sinn hluta samningsins og lánaði ekki sömu fjárhæð, og telur stefnandi því lán sitt gjaldfallið. Hann hafi ekki fengið þetta lán greitt til baka, og sé því málshöfðun þessi nauðsynleg.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að í maí 1985 hafi hann og stefnandi stofnað sameignarfélag um rekstur matsölustaðar, er aðallega matreiddi og seldi kjúklinga. Félagið hafi þeir nefnt Biti sf. Frá upphafi hafi reksturinn gengið erfiðlega, einkum vegna skorts á rekstrarfé. Þegar kom fram á árið 1988, hafi verið orðið ljóst, að eigendur þyrftu að leggja fram fé úr eigin vasa, ef fyrirtækið ætti ekki að verða gjaldþrota. Á haustmánuðum þetta ár hafi stefndi rætt um það við stefnanda, að trúlega þyrfti hvor um sig að leggja fram a. m. k. 2.500.000 kr. til að halda fyrirtækinu á floti. Um áramót 1988/1989 sýndu reikningar félagsins, að bókfærður munur eigna og skulda, þ. e. halli á rekstri, nam tæpum 10 milljónum króna. Í mars/apríl 1989 hafi aðilar málsins gert tilraun til að selja fyrirtækið. Engin formleg boð hafi komið, en þær þreifingar, sem þá urðu milli manna, bentu til þess, að hámark þess, sem hugsanlegir kaupendur væru tilbúnir að greiða

fyrir fyrirtækið, væri milli 7 og 8 milljónir króna og þá með allsendis óviðunandi greiðslukjörum. Þegar hér var komið sögu, stefndi í gjaldþrot og þá um leið gjaldþrot sameigendanna. Hafi þá orðið úr, að í stað þess að lýsa fyrirtækið gjaldþrota hafi stefndi tekið einn við rekstrinum, sbr. samning þann, sem liggur frammi á dskj. nr. 4. Hafi stefnandi samið þennan samning og verið með gildistöku hans laus allra mála við Bitu sf. Stefndi kveðst síðan hafa rekið kjúklingastaðinn og nú í hlutafélagsformi og virðist ætla að takast að rétta reksturinn af.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þær, að hann hafi lánað Bitu sf. fé, sem hann hafi ekki fengið endurgreitt þrátt fyrir glöggan rétt. Stefndi hafi með samningi tekið við Bitu sf. og beri því fulla og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum þess fyrirtækis. Um lagarök megi vísa til almennra reglna kröfuréttar, og sé rekstur málsins skv. lögum nr. 85/1936. Kröfur um vexti eru studdar lögum nr. 25/1987 og krafa um virðisaukaskatt lögum nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda í aðalkröfu eru á því reistar, að með samningi aðila, dags. 1. júní 1989, afsali stefnandi eignarhluta sínum í Bitu sf. til stefnda án annarrar greiðslu en yfirtöku skulda. Skuldir þessar séu skv. lokamálsgrein samningsins eftir undirritun hans stefnanda óviðkomandi. Verði að gera ráð fyrir, að líta verði svo á, að ef stefnandi hafi ætlað að gera tilkall til framlags síns, 500.000 kr., frá 6. 10. 1988, hefði hann átt að gera það í nefndum samningi. Það geri hann ekki, og beri þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda. Á framlag stefnanda verði að líta sem óafturkræft, þar sem þeim sameigendunum tókst ekki að selja fyrirtækið, er þeir reyndu það. Hefði þeim hins vegar tekist að selja og það fyrir hærra verð en nam skuldunum, má ætla, að framlag stefnanda væri endurkræft. En úr því að það tókst ekki, verði stefnandi að taka þennan skell á sig, enda ekki gert ráð fyrir öðru skv. samningi aðila.

Sýknukröfu sína styður stefndi einnig því, að stefnandi hafi á tímabilinu 20. 7. 1988, þar til hann selur hlut sinn í fyrirtækinu, tekið fjármuni út úr fyrirtækinu, sem nemi 233.917 kr. Til viðbótar þessu láni stefndi fyrirtækinu 75.000 kr. 6. apríl 1988, jafnframt því sem stefndi hafi látið félaginu í té afnot af bílskúr sínum undir lager Bitu sf. samtals í 22 mánuði án þess að gera fyrirtækinu reikning. Þannig næmi mánaðarleiga fyrir bílskúrinn 8.686 kr., ef mánaðafjöldanum væri deilt í mismuninn á 500.000 kr. og 308.917 kr. Fjárhæðin 308.917 kr. sé þannig til komin, að 20. 7. 1988, þ. e. nokkru áður en stefnandi lagði félaginu til umstefndar 500.000 kr., taki hann út sem lán 75.000 kr., sbr. dskj. nr. 8. Til viðbótar þessu verði það að samkomulagi, þegar stefnandi selji stefnda hlut sinn í Bitu sf., að stefnandi taki með sér tölvu þá, sem fyrirtækið hafði notað, enda í eigu stefnanda. Tölvuna hafði hann komið með inn í fyrirtækið. Hins vegar

hafi félagið greitt fyrir harðan disk í tölvuna og fleira; auk þess hafði verið keypt í hana forrit, sem stefnandi tók með sér. Kostnaður vegna þessa, 158.917 kr., sem Biti sf. greiddi, komi fram á dskj. nr. 9. Til viðbótar öllu þessu leggi stefndi fyrirtækinu til 75.000 kr. 6. apríl 1988, sbr. dskj. nr. 10. Samtals gera þessar greiðslur 308.917 kr.

Varakröfu sína um verulega lækkun reisir stefndi á því, að verði ekki fallist á aðalkröfuna, hljóti að vera efni til að taka tillit til þess, er stefnandi var búinn að taka út úr fyrirtækinu, sbr. það, sem hér að ofan er rakið, og lækka kröfu stefnanda allverulega.

Um lagarök vísar stefndi til reglna samninga- og kröfuréttar, samninga-laga nr. 7/1936 ásamt síðari breytingum svo og til samnings aðila um skuldaskil þeirra á dskj. nr. 4.

Verður nú rakinn framburður vitna og aðila svo og önnur gögn málsins, eftir því sem tilefni gefst til.

Vitnið Helgi Jakobsson útgerðarmaður, Stórhólsvegi 5, Dalvík, faðir stefnanda, kvaðst hafa lánað stefnanda 500.000 kr. í október 1988, og hafi það átt að ganga til Biti sf. sem lán stefnanda. Hann kveðst ekki hafa fengið lánið endurgreitt frá stefnanda, og standi það ennþá óbreytt sem skuld hans. Hann sagði, að sér hefði verið alls ókunnugt um efni samnings aðila, er þeir slitu rekstri Biti sf. og gerðu upp mál sín.

Vitnið Birgitte Bengtson húsmóðir, Rimasíðu 29 A, Akureyri, eiginkona stefnanda, bar, að sér hefði verið kunnugt um, að stefnandi hefði fengið lán hjá föður sínum til að lána það aftur Biti sf. Vitninu var ekki kunnugt um, með hvaða skilmálum átti að endurgreiða stefnanda fé þetta, en þetta hefði átt að greiða til baka og fjárhæðin verið 500.000 kr., sem stefnandi fékk lánaðar hjá föður sínum. Vitnið sagði, að stefndi hefði samið dskj. nr. 4, en í samningsdrögum, sem fyrir hefðu legið, hefði verið tiltekið, að stefndi tæki á sig skuldina, þ. e. 500.000 kr., sem stefnandi skuldaði föður sínum, en stefndi hefði brugðist ókvæða við og talið þetta vera vantraust á sig og sagst sjálfur myndu ganga frá þeirri skuld beint við föður stefnanda. Það hefði hann ekki gert, en vitnið og stefnandi talið, að niðurlag dskj. nr. 4 tæki til skuldar þessarar með ótvíræðum hætti. Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um, að Biti sf. standsetti bílskúr stefnda að Arnarsíðu 10 C, og hefði sú standsetning átt að ganga upp í leigu á bílskúrnum, sem hefði verið notaður sem lagerpláss fyrir Biti sf., og taldi vitnið það alveg víst, að þau leigumál væru að fullu uppgerð með aðilum. Vitnið kvaðst vita það, að þegar annar eigandi Biti sf. hefði tekið út peninga hjá félaginu, hefði hinn tekið út sömu fjárhæð, en þetta hefði síðan verið jafnað út með launagreiðslum. Vitnið upplýsti, að stefnandi hefði átt tölvu og hún verið notuð hjá Biti sf. í um 24 mánuði, og það, sem keypt hefði verið til tölvunnar, hefði eingöngu verið vegna rekstrar fyrirtækisins

og ónothæft til annars og stefnanda algjörlega verðlaust. Um upphaflegan samning aðila segir vitnið, að hann sé ekki til skriflegur. Vitnið upplýsti, að stefnandi hefði ekki tekið neina leigu fyrir tölvuna. Vitninu var ekki kunnugt um, hve mikið stefnandi lagði til fyrirtækisins, en stefndi hefði lagt til fé í upphafi og síðar, en tekið það mjög fljótt út aftur. Vitninu er ókunnugt um, með hvaða kjörum stefndi lagði fé til félagsins. Vitnið sagði, að skuld stefnanda við föður sinn hefði verið eina persónulega skuld stefnanda, sem stefndi skyldi greiða við yfirtöku Bita sf. Vitnið upplýsti, að milliuppgjör hefði ekki legið fyrir, þegar aðilar gengu frá samkomulagi sínu á dskj. nr. 4, en þeir hefðu vitað nokkurn veginn um stöðu félagsins, og þau lán, sem nefnd væru á dskj. 4, hefðu verið tekin vegna Bita sf. og þeir peningar gengið til félagsins.

Stefndi, Jón Rafn Högnason, bar, að hann og stefnandi hefðu gert út um mál sín vegna rekstrar Bita sf. með dskj. nr. 4, þar sem fyrir hefði legið, að félagið yrði gjaldþrota, og hefði hann tekið að sér greiðslu skulda, eins og fram kæmi á dskj. nr. 4, en sér hefði verið kunnugt um, að þær 500.000 kr., sem stefnandi hefði lagt í félagið, hefði hann fengið að láni hjá föður sínum og hann talið þá skuld sér algjörlega óviðkomandi og vera framlag stefnanda til félagsins. Stefndi gat ekki um það borið, hvernig færslu þessarar fjárhæðar hefði verið hagað í bókhaldi. Hann upplýsti, að Biti sf. hefði standsett að hluta til bílskúr að Arnarsíðu 10 C, séreign eiginkonu sinnar, og hefði það verið algjörlega kvaðalaust af hendi Bita sf. og bílskúrin verið notaður sem lagerpláss að hluta fyrir Bita sf. Hann bar, að þeir eigendurnir hefðu tekið jafnt út úr fyrirtækinu og reynt að hafa það þannig, að á hvorugan hallaði, og aðspurður um stöðu þeirra gagnvart fyrirtækinu, er dskj. nr. 4 var undirritað, kvaðst hann ekki geta svarað því. Hann skýrði frá því, að þegar stefnandi lagði fram 500.000 kr. til félagsins árið 1988, hefði hann ekki lagt fram tilsvarendi fjárhæð.

Margnefndur samningur sá, er aðilar gerðu með sér 1. 6. 1989 á dskj. nr. 4, er þannig:

„Ég undirritaður, Helgi Birnir Helgason, afsala Jóni R. Högnasyni eignarhluta minn í Bita sf., Skipagötu 12, Akureyri.

Jón R. Högnason skal aflétta af Rimasíðu 29 A þeim lánum, sem þar hvíla á vegum Bita sf., þ. e. a. s. láni upphaflega 1.500.000 kr. hjá Iðnaðarbanka Íslands hf., Akureyri, og láni upphaflega 800.000 kr. hjá sama banka, og skal hann hafa lokið því eigi síðar en 1989.

Einnig skal hann taka til sín allar skuldir Bita sf., og eru þær mér óviðkomandi frá þeim degi, sem samningur þessi öðlast gildi.“

Á dskj. nr. 11 er ársreikningur Bita sf. 1987, og er þá höfuðstóll félagsins

neikvæður um 3.195.587 kr. 31. 12. 1987. Á dskj. nr. 13 liggur frammi ársreikningur félagsins 1988, og er þá höfuðstóll neikvæður um 9.917.119 kr. 31. 12. 1988. Á dskj. nr. 13 er milliuppgjör félagsins 1. 1. - 31. 7. 1989, og er þá höfuðstóll félagsins neikvæður um 11.543.595 kr. 31. 7. 1990. Á dskj. nr. 14 liggur fyrir sameignarfélagssamningur aðila um Bitá sf., undirritaður í maí 1985, og er eignarhluti þeirra hvors um sig 50% og ágóða og halla af atvinnurekstrinum skipt í hlutfalli við eignarhlutföll í félaginu. Segir í 2. gr. samningsins, að ef breyting verði á eignarhlutföllum í atvinnurekstrinum á þann hátt, að það verði að samkomulagi milli þeirra, að annar dragi nokkuð af hluta sínum út úr félaginu, skuli ágóða og tapi skipt í réttu hlutfalli við eign hvors um sig. Í 3. gr. segir, að aðilar riti firmað saman og að samþykki beggja þurfi til að lána eða láta af hendi peninga eða aðrar eignir félagsins nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að veita viðskiptavinum greiðslufrest skv. almennum verslunarvenjum. Í 7. gr. samningsins segir, að hvor geti með sex mánaða fyrirvara sagt upp samningnum, og miðist uppsögn við áramót. Verði félaginu slitið með þessum hætti, skuli reikningar þess gerðir upp við áramót og eignum þess skipt eins og í 2. gr. segi. Eigi félagið þá ekki fyrir skuldum, skal það, sem á vantar, greitt af aðilum í sömu hlutföllum, jafnskjótt og reikningskilum er lokið.

Á dskj. nr. 5, sem er innleggsmiði í Iðnaðarbankann, reikning nr. 4404, er ritað, að eigandi reiknings sé Bitá sf. og inn lagðar 500.000 kr. 6. 10. 1988 af Helga B., og í dálkinum „innlagt vegna“ er ritað lán til Bitá frá H. B.

Álit dómsins.

Það er álit dómsins, að eins og lögskiptum aðila var háttað með sameignarfélagssamningi þeirra svo og með tilliti til hags félagsins, er aðilar slitu félagssamvinnunni og gerðu upp mál sín, verði að túlka samning aðila á dskj. nr. 4 í ljósi stöðu félagsins, er uppgjör þeirra fór fram. Í samningnum eru sérstaklega tíundaðar þær skuldir, sem stefndi tekur að sér að greiða umfram aðrar skuldir. Með tilliti til samningsins er eðlilegt að álíta, að peningaframlag stefnanda sé óafturkræft, þar sem tilgreindar eru þær skuldir, sem stefndi tekur að sér við það að kaupa hluta stefnanda út úr félaginu, og styðst þetta álit við hina bágu stöðu félagsins við söluna, eins og rakið hefur verið. Er því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að almennar reglur kröfurettarins eigi við í þessu tiltekna falli, þó að stefndi hafi undirgengist að taka til sín allar skuldir Bitá sf.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson héraðsdómari.

2204

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Rafn Högnason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda,
Helga B. Helgasonar.

Málskostnaður fellur niður.
